

Aðalfundur Heimilis og skóla 17.5.2019

Haldinn hjá Heimili og skóla, Suðurlandsbraut 24, 2. hæð Reykjavík.

Kl. 17.00

Mættir: Þórður Ingi Bjarnason, Foreldraráði Hafnarfjarðar, Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, SAMTAKA Akureyri, Karólína M. Hreiðarsdóttir, Grunnstoð Garðabæjar, Sigríður Björk Einarsdóttir, SAMFOK Reykjavík, Helga Birna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði og Eyþór Páll Hauksson, Garðabæ. Úr stjórn, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður, Eydís Heiða Njarðardóttir, Kristjana Þórey Guðmundsdóttir, Þorvar Hafsteinsson, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir. Starfsmenn: Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri, Hildur Halldórsdóttir, Sigurður Sigurðsson og Bryndís Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

- Formaður bauð fundargesti velkomna á aðalfund samtakanna og sagði stuttlega frá nýafstöðnum fulltrúaráðsfundi sem þótti afar vel heppnaður. Gerði formaður tillögu um Sigurð Sigurðsson starfsmann Heimilis og skóla sem fundarstjóra fundarins.
- Fundarritari var kosinn Bryndís Jónsdóttir starfsmaður Heimilis og skóla
- Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri HogS ásamt Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur formanni samtakanna fóru yfir ársskýrslu samtakanna sem jafnframt var dreift á fundinum. Gerðu þær grein fyrir fjölbreyttum verkefnum ársins 2018 hjá Heimili og skóla og SAFT. Ársskýrslan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Rætt um fjármálin og farið yfir ársreikning. Reksturinn gengur vel og stöðugleiki er í rekstri. Samtökin skiluðu hagnaði í ár eins og undanfarin ár sem er í sjálfu sér ekki markmiðið en skýrist að hluta með undirmönnun og óvissu í rekstri vegna tímabundins samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem hefur gert samtökunum erfitt fyrir við áætlanagerð til lengri tíma. Ráðnir voru 2 nýir starfsmenn á haustdögum og standa vonir til þess að hægt sé að halda þeim báðum til lengri tíma. Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
- Kosning stjórnarmanna. Kristjana Þórey Guðmundsdóttir og Inga Dóra gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu samtakanna. Í framboði voru Helga Birna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði og Þorvar Hafsteinsson, Kópavogi og voru þau einróma kjörin með lófaklappi. Þá var Þórður Ingi Bjarnason kynntur til leiks sem nýr stjórnarmaður kjörinn af fulltrúaráði en Þorvar hafði einmitt áður setið í stjórn sem fulltrúi fulltrúaráðsins.
- Kosningar skoðunarmanna – Hlíf Böðvarsdóttir og Hilmar Ingimundarson buðu sig fram til áframhaldandi setu og voru einróma kjörin. Einnig varamenn þeirra Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson .
- Stjórn Heimilis og skóla lagði fram eftirfarandi lagabreytingartillögu. – Í fjórðu grein laga skuli breyta setningunni: „Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu“. Hún verði nú: „Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðlum þeirra.“ Nokkrar umræður um lög félagasamtaka og flækjustig sem þau geta skapað í félagsstarfi. Lagabreytingartillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18.10